




## Innlána safnið - fyrir þá sem vilja ekki taka markaðsáhættu




Lítill áhætta




## Varfærna safnið - fyrir þá sem vilja taka litla markaðsáhættu




Hóflæg áhætta



## Áræðna safnið - fyrir þá sem vilja taka meiri markaðsáhættu



Meiri áhætta



Tölur miðast við 31.12.2016

Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbendingu um samsvarandi ávöxtun í framtíð

## Orðsending fjárfestingaráðs:

Innlend ríkisskuldabréf hækkuðu um 2,1% á 4. ársfjórðungi 2016. Seðlabankinn lækkaði stýrivexti um 0,25% á fundi sínum í desember sem hafði jákvæð áhrif, þó sýnu meiri á óverðtrygð skuldabréf sem hækkuðu um 3% á meðan verðtrygð skuldabréf hækkuðu um 1,6%. Innlend hlutabréf áttu mjög góðan ársfjórðung og hækkuðu um ríflega 5%, einkum voru það fasteigna- og tryggingafélög sem skiluðu

góðri ávöxtun. Erlendir eignamarkaðir voru litaðir af forsetakosningum í Bandaríkjunum. Þrátt fyrir óvænt úrslit tóku markaðir vel við sér og hækkuðu bandarísk hlutabréf einna mest á fjórðungnum, mælt í USD. Á móti vóg þó að íslenska krónan styrktist um 5,8% sem leiddi til þess að erlend hlutabréf skiluðu -0,3% ávöxtun á tímabilinu.